

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

34. fundar stjórnar *Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu*, haldinn þriðjudaginn 16. október 2018, klukkan 16:30, í fundarsal Rangarþings eystra að Austurvegi 4 á Hvolsvelli. Fundargerð er tölvuskráð.

Mættir til fundarins eru: Lilja Einarsdóttir formaður stjórnar, Brynja J. Jónasdóttir, Haraldur Eiríksson, Þorsteinn M. Kristinsson, Þorbjörg Gísladóttir, Helga Lind Pálsdóttir og Edda G. Antonsdóttir.

Dagskrá:

1. Milliuppgjör félags- og skólaþjónustu fyrir janúar til júní 2018.

a) Félagsþjónusta.

Helga Lind greinir frá 6 mánaða uppgjöri fyrir félagsþjónustuhlutann. Neikvætt frávik upp á 3,5 milljónir, sem skýrist af vanáætluðum launakostnaði sem og nýju tölvukerfi.

b) Málefni fatlaðra.


Helga Lind greinir frá 6 mánaða uppgjöri málefna fatlaðs fólks. Niðurstaða jákvæð upp á 700 þúsund krónur.

c) Skólaþjónusta.

Edda segir frá 6 mánaða stöðu skólaþjónustunnar. Niðurstaðan er jákvæð upp á 7 milljónir, sem stafar af því að ekki hefur tekist að ráða talmeinafræðing.

2. Ráðning félagsmálastjóra.

Ein umsókn barst um stöðu félagsmálastjóra. Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu samþykkir að ráða Helgu Lind Pálsdóttur í stöðuna.


The bottom right corner of the document contains several handwritten signatures in blue ink. There are approximately six distinct signatures, some appearing to be initials or short names, such as 'EC', 'LE', and 'BJ'.

3. Starfsmannamál skólajónustunnar.

Edda greinir frá starfsmannamálum. Sú breyting hefur orðið á stöðu sálfræðings, að hann er nú í 100% stöðu hjá skólajónustunni og ekkert hjá félagsþjónustunni þar sem hann var áður í 20% stöðugildi. Sálfræðingurinn hefur hins vegar sótt um árs launalaust leyfi og hefur staðan verið auglýst.

4. Starfsmannamál félagsþjónustunnar.

Helga Lind greinir frá starfsmannamálum og leggur fram tillögur að skipulagsbreytingum, til einföldunar og hagræðingar á félagsþjónustunni.

5. Námskeið/endurmenntun á vegum skólajónustu fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla.

Edda kynnir námskeiðahald skólajónustunnar.

6. Þróunarverkefni – Snemmtæk ihlutun í leikskólum sem tilheyra Skólajónustu Rang. og V.-Skaft. – Sérstök áhersla á máþroska og undirbúning undir lestur.

Verkefnið stendur yfir frá hausti 2019 fram á vor 2021. Stjórnin tekur vel í hugmyndina og felur Eddu að vinna áfram að málinu.

7. Umræða um bakvakt barnaverndar (vegna fjárhagsáætlunar).

Helga Lind kynnir fyrirkomulag á bakvöktum barnavernda víðs vegar um landið, með vísan í barnaverndarlög og kjarasamninga. Stjórnin mun fara yfir mögulegar leiðir í stöðunni. Málinu vísað til fjárhagsáætlunarvinnu.

8. Rekstrarfyrirkomulag deildanna, máli vísað til nýrrar stjórnar frá aðalfundi 2018.

Lagt fram undir þessum dagskrárlið erindi forstöðumanna deildanna um breytt fyrirkomulag vegna bókhaldsþjónustu og reksturs.

Eftirfarandi tillögu var vísað til nýrrar stjórnar á aðalfundi dags. 22. maí 2018:

„Lagt er til að Félags- og skólajónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs óski eftir því við þróunarsvið SASS, að það veiti ráðgjöf um hvernig útfæra megi rekstur þjónustunnar í aðskildum rekstrareiningum í einu byggðasamlagi.

Við athugunina yrði haft að leiðarljósi, að kostnaður við rekstur byggðasamlagsins aukist sem minnst og jafnvel dragi úr honum. Óskað verði eftir ráðgjöf sérstaklega um eftirfarandi atriði:

- Tillögur að skipulagi ef um tvær aðskildar rekstrareiningar væri að ræða, undir einu byggðasamlagi.

EA
LE
E

- Mat á kostnaði þeirra tillagna, samanborið við núverandi rekstrarfyrirkomulag“.

Stjórnin samþykkir tillöguna samhljóða og formanni falið að hafa samband við þróunarsvið SASS.

9. Fjárhagsáætlun.

Formaður greinir frá stöðu mála varðandi fjárhagsáætlunarvinnu.

10. Önnur mál.

Miðað verður við, að stjórnarfundir fari fram þriðja þriðjudag hvers mánaðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:25

Lilja Einarsdóttir
Haraldur Þorsteinsson
Helga Ólafsdóttir
Edda Antonsd.
Yvonne M. Klein
Pinnborg Ástlaa
Brynja J. Jónasdóttir